

Úrskurðarorð:

Uppboðsandvirði freðfiskbirgða, er seldar voru á nauðungaruppboði á Bíldudal 22. júní 1971, skal skiptast sem hér segir:

Upp í kröfu Jónasar Ásmundssonar greiðast kr. 443.915.00, upp í kröfu Hjálmars Ágústssonar greiðast kr. 107.481.00, upp í kröfu Friðriks Kristjánssonar greiðast kr. 104.494.00, og upp í kröfu Verkalýðsfélagsins Varnar, Bíldudal, greiðast kr. 631.775.00.

Engin greiðsla kemur upp í kröfur Landsbanka Íslands. Málskostnaður úrskurðast eigi.

Föstudaginn 18. febrúar 1972.

Nr. 61/1971. **Marý Valdís Jónsdóttir vegna sjálfrar sín og f. h. ófjárráða dóttur sinnar, Önnu Steinunnar Jónsdóttur,**
(Sveinn H. Valdimarsson hrl.)
gegn
Búnaðarfélagi Íslands og Stéttarfélagi bænda og gagnsök
(Benedikt Blöndal hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál. Líkamsmeiðsl.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. apríl 1971. Krefst hann þess, að gagnáfrýjendum verði gert að greiða honum alls kr. 994.442.00 með 7% ársvöxtum frá 3. marz 1968 til greiðsludags, að frádregnum kr. 75.000.00. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en aðaláfrýjandi, sem hafði gjafsókn í héraði, hefur fengið gjaf-

sókn fyrir Hæstarétti með leyfi dómsmálaráðuneytisins 28. maí 1971.

Aðaláfrýjandi hefur stefnt Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f til að gæta réttar síns í málinu, en engar kröfur gert á hendur því.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 15. október 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi 22. september 1971. Þeir gera þær dómkröfur, að „aðaláfrýjanda verði aðeins dæmdur lítill hluti þeirrar fjárhæðar“, sem hann krefur. Þá krefjast þeir þess, að málskostnaður í héraði verði látinn falla niður, en aðaláfrýjanda gert að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

I.

Gagnáfrýjendur eru sameigendur að Hótel Sögu. Þeir hafa viðurkennt skaðabótaskyldu sína vegna slyss þess, sem mál þetta er af risið, þar sem gerð og frágangi hring sviðs í samkvæmissal hótelsins hafi verið ábótavant. Þeir hafa hins vegar krafizt, að sök verði skipt, þar sem Anna Steinunn hafi sjálf sýnt óaðgæzlu. Eigi verður þó á það fallizt, að efni séu til að meta Önnu Steinunni til sakar, að hún varaðist ekki hinn óverjandi umbúnað hring sviðsins, og það því síður sem eftirlit af hendi starfsmanna gagnáfrýjenda og aðvaranir þeirra til samkomugesta virðast hafa verið ófullnægjandi. Ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um óskoraða skaðabótaábyrgð gagnáfrýjenda.

II.

Bótakröfu sína fyrir Hæstarétti sundurliðar aðaláfrýjandi þannig:

Bætur til Önnu Steinunnar Jónsdóttur:

- | | |
|---|----------------|
| 1. Örorkutjón | kr. 198.816.00 |
| 2. Bætur vegna þjáninga og óþæginda | — 100.000.00 |
| 3. Bætur fyrir röskun á stöðu og högum og ævarandi lýti | — 600.000.00 |

Alls kr. 898.816.00

Bætur til hennar sjálfrar:

1. Vinnutap í 6½ mánuð	kr. 74.594.00
2. Bilkostnaður	— 3.904.00
3. Kostnaður við skókaup eftir slysið . . .	— 4.333.00
4. Kostnaður við læknisvottorð	— 2.580.00
5. Greitt vegna örorkumats	— 2.000.00
6. Greitt Þóri Bergssyni tryggingafræðingi	— 7.000.00
7. Kostnaður vegna ljósmynda	— 1.215.00

Alls kr. 95.626.00

Til frádráttar framangreindum fjárhæðum viðurkennir aðaláfrýjandi, að koma eigi greiðsla frá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f að fjárhæð kr. 75.000.00.

Verða nú hinir einstöku kröfuliðir teknir til athugunar.

Um bótakröfur vegna Önnu Steinunnar Jónsdóttur.

Um 1. kröfulið. Þórir Bergsson tryggingafræðingur hefur hinn 10. desember 1971 reiknað með líkindatölum fjárhags-tjón Önnu Steiunnar vegna örorku af völdum slyssins. Er þá gætt kaupgjaldsbreytinga, sem orðið hafa síðan trygginga-fræðingurinn gerði sams konar reikning 19. nóvember 1970. Er niðurstaða hins nýja útreiknings, að tjón þetta, miðað við slysdag, nemi kr. 198.816.00, ef miðað er við verzlunarstörf, en kr. 188.228.00, ef miðað er við iðjustörf.

Fyrir héraðsdómi krafðist aðaláfrýjandi kr. 149.054.00 í bætur samkvæmt þessum kröfulið, og verða hærri bætur eigi dæmdar í Hæstarétti. Með hliðsjón af hinum nýja líkinda-reikningi þykir hins vegar rétt að taka þennan kröfulið til greina með allri þeirri fjárhæð, eins þótt tekið sé tillit til þess, að bætur þessar eru undanþegnar tekjuskatti og útsvari.

Um 2. og 3. kröfulið.

Auk tímabundinna þjáninga verður að ætla, að Anna Steinunn hafi nokkur varanleg óþægindi af limlestingu þeirri, er hún varð fyrir. Af henni hefur og hlotizt ævarandi lýti og röskun á stöðu og högum. Þykja bætur samkvæmt þessum kröfulið eftir atvikum hæfilega ákveðnar kr. 200.000.00.

Um bótakröfur aðaláfrýjanda vegna hennar sjálfrar.

Gagnáfrýjendur hafa viðurkennt, að þeim beri að bæta aðaláfrýjanda tjón hennar, endi leiði hún rétt sinn til bóta af bótarétti Önnu Steinunnar.

Um 1. kröfulið.

Viðurkennt er, að aðaláfrýjandi hafi orðið að hætta starfi í 4 mánuði eftir slysið til að sinna dóttur sinni. Að öðru leyti er þessi kröfuliður eigi studdur fullnægjandi gögnum. Mánaðarlaun aðaláfrýjanda voru kr. 11.476.00, og bætur samkvæmt þessum lið verða því kr. 45.904.00.

Um 2. og 3. kröfulið. Þessum liðum hefur eigi verið tölulega andmælt, og verða þeir teknir til greina.

Um 4.—7. kröfulið. Höfð verður hliðsjón af kröfuliðum þessum við ákvörðun málskostnaðar.

Samkvæmt framansögðu ber gagnáfrýjendum að greiða í bætur til Önnu Steinunnar kr. 349.054.00 (kr. 149.054.00 + 200.000.00) og til aðaláfrýjanda kr. 54.141.00 (kr. 45.904.00 + 3.904.00 + 4.333.00). Frá þeim fjárhæðum ber að draga kr. 75.000.00, sem þegar hafa verið greiddar. Er rétt, að sú greiðsla dragist frá framangreindum fjárhæðum að rétttri tiltölu, þannig að frá bótum Önnu Steinunnar dragast kr. 64.929.00 og frá bótum aðaláfrýjanda sjálfrar kr. 10.071.00. Ber gagnáfrýjendum þá að greiða aðaláfrýjanda vegna Önnu Steinunnar kr. 284.125.00 og vegna sjálfrar hennar kr. 44.070.00, hvort tveggja með 7% ársvöxtum frá 3. marz 1968 til greiðsludags.

Dæma ber gagnáfrýjendur til að greiða málskostnað í héraði, kr. 70.795.00. Af því renni kr. 59.000.00 í ríkissjóð, en kr. 11.795.00 til aðaláfrýjanda. Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður. Allur gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði. Laun skipaðs talsmanns aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Sveins Hauks Valdimarssonar hæstaréttarlögmans, ákveðast samtals kr. 90.000.00, er greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Gagnáfrýjendur, Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda, greiði aðaláfrýjanda, Marý Valdís Jónsdóttur, sjálfri kr. 44.070.00 og f. h. Steinunnar Jónsdóttur kr. 284.125.00, hvort tveggja með 7% ársvöxtum frá 3. marz 1968 til greiðsludags.

Gagnáfrýjendur greiði kr. 70.765.00 í málskostnað í héraði, og renni kr. 11.765.00 til aðaláfrýjanda, en kr. 59.000.00 í rikissjóð.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður, en allur gjafsóknarkostnaður greiðist úr rikissjóði.

Laun skipaðs talsmanns aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Sveins Hauks Valdimarssonar hæstaréttarlögmans, samtals kr. 90.000.00, greiðist úr rikissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. marz 1971.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Marý Valdís Jónsdóttir, Austurbrún 6, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu vegna sjálfrar sín og f. h. ófjárráða dóttur sinnar, Önnu Steinunnar Jónsdóttur, með stefnu, útgefinni 6. janúar 1969, gegn Hótel Sögu, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 903.813.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 3. marz 1968 og málskostnaðar að mati réttarins, allt að frádregnum kr. 55.000.00. Þá er og Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f, Reykjavík, stefnt til réttargæzlu í máli þessu sem ábyrgðartryggjanda Hótel Sögu.

Við munnlegan flutning málsins hækkaði stefnandi stefnufjárhæð sína með samþykki stefnda, án framhaldsstefnu, í kr. 944.680.00, en hélt að öðru leyti við stefnukröfur í málinu.

Af hálfu hins stefnda, Hótel Sögu, eru þær dómkröfur gerðar, að stefnanda verði einungis dæmdur lítill hluti þeirrar fjárhæðar, sem um er stefnt, en málskostnaður látinn falla niður.

Af hálfu réttargæzlustefnda eru engar kröfur gerðar, enda engum kröfum að honum beint.

Stefnandi hefur fengið gjafsókn í máli þessu með bréfi dóms-málaráðherra, dags. 12. maí 1969.

Málavextir eru þessir:

Þann 3. marz 1968 var haldin skemmtun að Hótel Sögu í Reykjavík af Danskennarasambandi Íslands í svokölluðum Súlnasal, og voru samkomugestir að meginhluta börn og unglingar, dansskólanemendur, og eitthvað af aðstandendum þeirra. Á skemmtun þessari fór m. a. fram danssýning á upphækkuðum hringpalli, sem myndast þannig, að meginhluta dansgólfsins má hækka um 60 cm frá venjulegri gólfhæð. En þegar pallur þessi var alveg uppi, mynduðust á honum á nokkrum stöðum rifur í sömu hæð og gólfllöturinn. Þegar danssýningu þessari var lokið og setja skyldi hringpallinn niður, vildi það slys til, að Anna Steinunn, sem ásamt fjölda annarra barna hafði verið við pallinn til þess að fylgjast með sýningunni, varð með vinstri fót sinn á milli palls og gólfs inni í einni af fyrrgreindum rifum.

Vegna slyss þessa missti Anna Steinunn framan af vinstra fæti stóru tá og næstu tá við. Hún lá á handlækningadeild Landspítalans í 1 viku og var eftir það 1 viku rúmliggjandi á heimili sínu. Að því loknu þurfti hún að fara í skiptingar á sjúkrahúsið fram í miðjan júnímánuð 1968 og fór eftir það í 1 mánuð í Hjálparstöð lamaðra og fatlaðra, en fyrst í maí 1968 var henni leyft að stíga í fótinn. Hún hefur verið úrskurðuð sem 7% varanlegur öryrki. Stefnandi er einhleyp kona og heldur heimili fyrir sig og Önnu Steinunni, sem er einkabarn hennar. Er dóttir hennar kom heim af sjúkrahúsinu, varð hún að hætta föstu starfi við afgreiðslu í verzlun til þess að hugsa um og hjúkra dótturinni. En þegar stefnandi vildi á nýjan leik hefja starf utan heimilisins, var ekkert starf að fá, enda mikið atvinnuleysi í landi. Fyrst frá og með október 1968 gat hún hafið starf og nám sem sjúkraliði á mjög lágu kaupi.

Samdægurs og framangreint slys átti sér stað, var rannsóknarlögreglunni tilkynnt um það, og hóf hún þá þegar rannsókn í málinu.

Hellert Jóhannesson rannsóknarlögreglumaður skýrir svo frá í skýrslu sinni, sem lögð hefur verið fram í málinu, að slysið hafi orðið með þeim hætti, að sviðið, sem sé upphækkun frá venjulegri gólfhæð, hafi verið lyft vegna danssýningar á vegum Danskennarafélagsins, en skemmtun á vegum þess félags hafi staðið yfir og verið haldin í svonefndum Súlnasal Hótel Sögu. Hann kveður sviðið eða pallinn, sem skemmtiatriðin hafi farið

fram á, vera um 60 cm á hæð, þegar sviðið sé uppi, en þá niður við gólf komi í ljós göt á pallinum og eitt þeirra það stórt, að það hafi myndast op, $33\frac{1}{2}$ cm að lengd, en 3.8 cm á hæð hægra megin og 4.8 cm á hæð vinstra megin, er snúið hafi verið að sviðinu, en efri brún hinna gatanna hafi numið gólfhæð. Rannsóknarlögreglumaðurinn kveður þetta gat vera það stórt, að fullorðinn karlmaður hafi getað sett fót sinn í það upp að miðri rist. Hann kveður skemmtiatriðunum hafa verið lokið á sviðinu og átt hafi að setja það niður og hafi þrívægis verið búið að aðvara samkomugestina, sem verið hafi eingöngu börn og unglingar, að fara frá sviðinu, að sögn sjónarvotta, en þegar átt hafi að láta það falla, hafi það staðið á sér, en þó eftir nokkra stund hafi verið reynt við það aftur og hafi það þá fallið um nokkra cm, en þá hafi börn verið allt í kringum það. Stúlka, sem staðið hafi við sviðið andspænis hljómsveitarpallinum, hafi sett fót sinn í gat þetta og þegar pallurinn hafi fallið, hafi hún orðið á milli hans og gólfsins og klemmzt á milli mjög illilega. Stúlka þessi, sem heiti Anna Steinunn Jónsdóttir, Austurbrún 6, Reykjavík, 11 ára, hafi fallið við það að klemmast þarna á milli, en sviðinu hafi verið strax lyft, svo fótur hennar hafi náðst úr því og hafi hún síðan verið flutt með sjúkrabil á spítala, en hún muni hafa meiðzt mjög illa upp að miðri rist.

Slasaða, Anna Steinunn Jónsdóttir, hefur skýrt svo frá við lögreglurannsókn í málinu, að hún hafi farið að hringpallinum ásamt vinkonu sinni, en börnin hafi engin borð haft, því að þau hafi verið ætluð fullorðna fólkinu. Hún kveðst hafa farið að upphækkuninni, þegar sýningunni hafi verið lokið, og settzt á brún hennar til þess að hvíla sig, því að hún hafi ekki einu sinni haft stól til að sitja á. Slasaða kveðst aldrei hafa heyrt neinn kalla til þeirra barnanna að fara frá hringsviðinu, enda kveðst hún þá munu hafa verið framar í salnum og verið að huga að öðru. Hún kveðst síðan hafa staðið upp og snúið sér að hringsviðinu, er það skyndilega hafi fallið lítils háttar, og um leið kveðst hún hafa orðið vör við það, að hún hafi stungið vinstri fæti inn undir pallinn, en hún kveðst ekki hafa vitað, að þar væri gat á klæðningu hringsviðsins, en um leið og pallurinn hafi fallið, hafi hún kennt mikils sársauka í fætinum. Hún kveðst ekki hafa misst meðvitund þarna, en þó hafi sér sortnað fyrir augum, og hafi strax tveir þjónar komið sér til aðstoðar. Hún kveðst síðan hafa verið flutt í slysavarðstofuna og þaðan á Hvítabandið og síðan á Landspítalann. Slasaða kveðst ekki vita, hvað orðið hafi því

valdandi, að hún hafi farið með fótinn inn í rifu þessa, en það hafi engin þröng verið þarna og ekkert, sem ýtt hafi við sér. Hún segir, að enginn hafi staðið uppi á pallinum til þess að vara börnin við og að enginn hafi gengið með hringsviðinu til þess að fullvissa sig um, að enginn stæði við hringsviðið, er það var að falla.

Slasaða hefur staðfest framanritaðan framburð sinn fyrir dómi og skýrði svo frá þar nánar aðspurð, að hún hafi verið nýkomin að pallinum, þegar slysið varð, og alls ekki hafa séð neinn vera að stjaka frá pallinum eða heyrt nein aðvörunarorð um að fara frá honum. Hún segir, að pallurinn hafi ekki byrjað að falla, fyrr en hún hafi verið staðin upp.

Slasaða skýrði enn fremur svo frá, er hún kom fyrir dóm hinn 26. maí 1970, að hún vaknaði oft með sársauka á nóttunni vegna umrædds slyss. Þá kvaðst hún þreytast við gang og ekki geta gengið langt í einu. Enn fremur kvaðst hún ekki geta notað hvaða skó sem væri og þyrfti hún að velja þá sérstaklega, þannig að þeir nái upp á ristina og séu með góðum sólum, en það sé mjög vont að fá þá, en hingað til hafi hún ekki þurft að láta smíða skó. Slasaða kveðst reyna að ganga ekki hölt, en það sé mjög erfitt, og sumir taki eftir því, að hún sé hölt. Slasaða kveðst eiga erfiðara með að umgangast jafnaldra sína en áður vegna umrædds slyss, og kveðst hún yfirleitt ekki fara í ferðalög eða leiki, og auk þess kveður hún þetta hafa haft áhrif á skaplyndi sitt, hún sé ekki eins glöð og að jafnaði, eins og áður hafi verið, og tekur hún fram, að hún sé pirruð og oftastnær finnist henni allt leiðinlegt. Slasaða lýsir sársaukanum í fætinum þannig, að hún fái oft eins og stingi í fótinn, eða eins og verið sé að stinga hana í fótinn, auk þess sem henni sé oft kalt á fætinum, jafnt á nóttu sem degi.

Við lögreglurannsókn í málinu hefur vitnið Einar Olgeirsson, aðstoðarhótelstjóri á Hótel Sögu, skýrt svo frá, að er umrætt slys hafi átt sér stað, hafi sýningu verið lokið og því hafi hann farið upp á senuna að ósk þeirra, er haldið hafi skemmtunina, til þess að lækka hringsviðið. Vitnið kveður það gert með þeim hætti, að stigið sé á stóran hnapp, sem sé á gólfinu, þar sem hljómsveitin sé staðsett. Við hlið þessa hnapps sé rofi, sem setji vökvakerfið í gang, þannig að pallurinn lyftist. Það sé einhvern veginn þannig útbúið þetta kerfi, að það hafi viljað koma fyrir, að pallurinn sigi ekki strax niður á undirstöður sínar, en þá sé venja að standa um kyrrt á rofanum og eftir nokkurn tíma hafi

þá pallurinn fallið niður. Er vitnið ætlaði að lækka pallinn í umrætt sinn, kveðst það hafa kallað til allra, sem þarna hafi verið á gólfinu, að fara frá pallinum, því að það ætlaði að láta hann síga, en vitnið kveðst ekki hafa þurft að nota kallkerfi hússins, enda hafi allir farið frá pallinum og hafi danskennararnir verið þarna á ferð að stjaka krökkunum frá. Vitnið telur, að liðið hafi á að gizka 3—5 mínútur, frá því það steig á hnappinn og þar til pallurinn hafi fallið. Á meðan kveðst vitnið hafa fylgzt vel með krökkunum og hafi enginn verið við pallinn. Vitnið kveðst þó munu hafa litið af krökkunum smástund, en um leið hafi pallurinn fallið. Vitnið kveðst hafa litið fram í salinn, um leið og það heyrði, að pallurinn fór af stað, en þá hafi það séð þessa stúlku, þar sem hún hafi staðið svo til fyrir miðju pallsins, og kveðst vitnið hafa séð á henni angistarsvip og þá flogið í hug, að eitthvað hafi komið fyrir, og kveðst vitnið strax hafa stigið af hnappnum og fært fótinn yfir á þann hnapp, sem lyfti pallinum. Pallurinn hafi strax byrjað að síga aftur, en það geri hann einkennilega, því að hann sígi ekki jafnt, heldur eins og hluti af honum, þannig að halli myndist á pallborðið á víxl. Vitnið kveðst þá hafa heyrt, að stúlkan gaf frá sér sársaukahljóð, og þá dottið í hug, að ekki væri allt í lagi, en um leið hafi einn ungþjónanna komið og hafi hann tekið við að standa á lyftihnappnum, en vitnið kveðst hafa farið til stúlkunnar. Hafi þá fleiri verið komnir á vettvang henni til aðstoðar.

Vitnið kveðst hafa veitt þessum rifum á klæðningu pallsins athygli áður, en ekki gert sér grein fyrir því, að þetta eina gat væri það stórt, að slíkt gæti skeð, enda sé óhugsandi, að slíkt gæti komið fyrir á hinum stöðunum. Vitnið kveðst margsinnis bæði hafa lyft pallinum og felld hann, en aldrei hafi neitt slys komið fyrir fyrr.

Vitnið hefur komið fyrir dóm í máli þessu hinn 2. júní 1970 og staðfest þar framanritaðan framburð sinn.

Fyrir dóminum ítrekaði vitnið það, að það hafi kallað til barnanna, sem voru við hringpallinn, áður en það lét hann síga, en það hafi ekki notað kallkerfi hússins og þori því ekki að ábyrgjast, að allir hafi heyrt til sín, en vitnið kveðst fyrst og fremst hafa beint orðum sínum til barnanna, sem næst voru pallinum. Vitnið segir, að þegar það kallaði til barnanna, hafi því virzt þau taka það til greina og færa sig frá pallinum, og kveðst vitnið álíta, að ef pallurinn hefði ekki staðið á sér, þá hefði viðvörðun þessi virkað betur. Hins vegar kveðst vitnið alltaf hafa haft

augun með börnunum, meðan það stóð á lyftuhnappnum, og auk þess hafi það séð, að danskennarar voru á gangi meðal barnanna við pallinn og hafi þeir verið að reyna að stjaka þeim frá. Vitnið minnst þess ekki að hafa séð Önnu Steinunni sitja á pallbrúnni eða önnur börn í umrætt sinn, eftir að það hafði gefið viðvörðunina.

Vitnið hefur á dskj. nr. 35 gert þá viðbót við framanritaðan framburð sinn, að því hafi láðst að geta þess, að magnarakerfi hafi allt verið í sambandi í það umrætt skipti, enda í notkun bæði undan og eftir slysið, en í það séu tengdir 3 hátalarar. Hins vegar kveðst vitnið hafa svarað því neitandi, er það var spurt um það fyrir dóminum, hvort það hefði notað kallkerfi hússins, af því að það hafi ekki beint aðvörðun sinni í neinn sérstakan hátalara.

Vitnið Halldór Sigurður Sigdórsson þjónsnemi hefur skýrt svo frá við lögreglurannsókn í málinu, að það hafi verið að vinna á Hótel Sögu, er umræddur atburður átti sér stað, og hafi verið statt skammt frá hringsviðinu, er bróðir vitnisins vakti athygli þess á því, að telpan var orðin föst undir pallinum. Vitnið kveðst þá hafa rokið upp á senuna, en þar hafi Einar verið og hafi hann verið búinn að stöðva niðurferð pallsins, en vitnið kveðst hafa farið í það að lyfta honum aftur. Vitnið kveðst síðan hafa farið fram á gólfið, eftir að telpan hafi verið orðin laus, og borið hana niður í forstofu, en þangað hafi komið sjúkrabíll og tekið hana. Vitnið kveðst ekki hafa séð, er atvik þetta átti sér stað, en kveðst hins vegar hafa verið búíð að heyra Einar kalla viðvörðunarorð til barnanna um að fara frá, en það hafði liðið þó nokkur tími, frá því að börnin höfðu verið rekin frá og þar til pallurinn hafi fallið. Vitnið kveðst nokkrum sinnum hafa stjórnað palli þessum og sé það rétt, að það komi fyrir, að ræsihnappurinn standi á sér eða að útbúnaðurinn vinni ekki rétt, og þá þurfi stundum að stíga lengi á hnappinn eða jafnvel tippla á honum.

Framangreint vitni hefur staðfest skýrslu sína fyrir dómi og ítrekað þar, að það hafi heyrt Einar kalla viðvörðunarorð til barnanna, áður en hann hafi látið hringsviðið síga, og það oftast einu sinni. Vitnið kveðst hafa verið að vinna við næsta borð, þegar það heyrði aðvörðunarorð Einars. Segir vitnið, að stúlkan, sem slasaðist, hafi verið nær Einari heldur en vitnið var, þegar það heyrði aðvörðunarorð hans. Vitnið tekur fram, að sér þyki trúlegt, að kallkerfi hússins hafi verið notað, því að vitnið telur, að allir, sem í salnum hafi verið, hefðu átt að heyra aðvörðunar-

orð Einars. Hins vegar kveðst vitnið ekki þora að fullyrða, að kallkerfið hafi verið notað.

Vitnið Böðvar Valtýsson hefur skýrt svo frá við lögreglurannsókn í málinu, að það hafi verið statt þarna á skemmtuninni ásamt konu sinni og börnum, og kveðst vitnið muna eftir atviki þessu. Vitnið kveðst hafa setið við borð sitt og séð greinilega til telpunnar, þar sem hún stóð við pallinn. Vitnið kveðst hafa veitt því athygli, að þegar verið var að láta pallinn síga, að þá var eins og hann færi ekki jafnt niður, heldur eins og annar hluti pallsins færi fyrst, en svo hafi hinn hlutinn fallið niður með smá rykk. Er slysið skeði, kveðst vitnið hafa stokkið til telpunnar og aðstoðað við að koma henni frá pallinum, en eftir það kveðst vitnið ekki hafa skipt sér af máli þessu. Vitnið kveðst ekki muna til þess að hafa heyrt, að börnin væru beðin um að fara frá pallinum, en vill þó ekkert fullyrða um það. Vitnið kveðst þó þora að fullyrða, að það hafi enginn rekið frá pallinum, er farið var að láta hann síga.

Vitnið Sigríður Guðmundsdóttir, sem kom fyrir dóm í máli þessu 2. júní 1970, hefur staðfest skýrslu sína á dskj. nr. 8 og ítrekað, að það hafi ekki heyrt, að nein viðvörðun væri gefin, þegar hringsviðið var látið síga niður. Vitnið kveðst hafa séð börn sitja á stólum, að því virtist fast upp við sviðið, á meðan skemmtiatriðin hafi farið fram, og þar á meðal Önnu Steinunni Jónsdóttur, og einnig eftir að skemmtiatriðum hafi verið lokið. Sjálft kveðst vitnið hafa setið nálægt sviðinu og séð vel til barnanna, sem sátu upp við það.

Vitnið Jóhanna Andrea Lúðvíksdóttir hefur komið fyrir dóm og staðfest skýrslu sína á dskj. nr. 8 og ítrekað, að það hafi ekki orðið þess vart, að nein aðvörðun væri gefin, þegar hringsviðið hafi verið látið síga niður í umrætt sinn, og kveðst það þó hafa setið nálægt hringsviðinu. Vitnið segir, að börnin hafi ýmist setið eða staðið fast upp við hringsviðið, á meðan skemmtiatriðin hafi farið fram.

Stefnandinn í málinu, Marý Valdís Jónsdóttir, hefur komið fyrir dóm hinn 26. maí 1970 og skýrt þar svo frá, að hún hafi orðið að hætta vinnu vegna umrædds slyss, er dóttir hennar hafi orðið fyrir, og það hafi liðið 6½ mánuður, frá því að hún hætti af þessum sökum og þar til hún hafi hafið nám sem sjúkraliði á Landakotsspítala. Kveðst stefnandi oft áður hafa verið búin að spyrjast fyrir um vinnu á vinnumiðlunarskrifstofu og hjá Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur, en það hafi engan árangur borið

og hafi hún þá snúið sér að sjúkraliðanámi sem fyrr segir. Stefnandi kveðst ekki þekkja dóttur sína fyrir sama barn og hún hafi áður verið. Segir stefnandi hana hafa verið glaða og káta, áður en hún varð fyrir umræddu slysi, og lífsmikið barn, en síðan hún hafi orðið fyrir slysi þessu, sé hún aldrei glöð, a. m. k. ekki eðlilega glöð, og virðist vera ákaflega „pedrimeruð“, enda segir stefnandi, að hún finni alltaf til meiri og minni sársauka í fætinum og hljóði stundum upp, þegar hún eigi að fara að sofa. Stefnandi tekur fram, að dóttir hennar kvarti oft um, að verkina frá fætinum leggi upp í höfuð. Þá tekur stefnandi fram, að dóttir hennar hafi notað gleraugu við lestur, áður en hún hafi orðið fyrir slysinu, en eftir það hafi nærsýnin aukizt verulega. Kveður stefnandi dóttur sína eiga miklu erfiðara með að einbeita sér að námi, eftir að hún hafi orðið fyrir slysinu, og námsárangur allur versnað til muna. Þá tekur stefnandi fram, að mjög fljótt eftir slysið hafi dóttir hennar haft blæðingar í fyrsta skipti. Stefnandi kveðst hafa átt í mjög miklum erfiðleikum með að fá skó, sem dóttir hennar geti notað, eftir að hún slasaðist, og sér virðist næstum ómögulegt að fá skó, sem sérstaklega séu sniðnir við hennar hæfi.

Í skýrslu Öryggiseftirlits ríkisins, sem lögð hefur verið fram í málinu, hefur Konráð Guðmundsson hóteltjóri skýrt svo frá um tildrög slyssins, að slasaða hafi verið áhorfandi að sýningu, er fram hafi farið á pallinum. Pallurinn hafi verið hafður uppi, en er sýningunni hafi verið lokið, hafi átt að hleypa pallinum niður og börn, sem staðið hafi nærri, verið rekin frá, en pallurinn staðið á sér og ekki viljað ganga niður, en við það hafi orðið töf og hafi orðið að setja pallinn upp í fulla hæð, en á meðan hafi börnin flykkzt að aftur. Þegar svo pallinum hafi aftur verið hleypt niður, hafi slasaða staðið fast við pallinn og rekið fótinn inn um rifu, sem myndist, þegar pallurinn sé efst uppi. Rifur þessar myndist vegna úrtekningar úr klæðningu fyrir bita (burðarbita fyrir tjakka og pallinn) í botni.

Umsögn eftirlitsmanns Öryggiseftirlits ríkisins, Hákonar Þorsteinssonar, er á þá leið, að úrtekning á klæðningu pallsins orsakist af burðarbitum í botni rúmsins, er pallurinn falli niður í. Aðalbiti skeri miðju hringsins og sé 2—3 cm hærri en hinir og myndist því stærri rifa þar, sem hann sé, en annars staðar og við það úrtak hafi slysið skeð. Fyrirskipað hafi verið að setja sjálffallandi lokur í úrtök á fjórum stöðum og lagfæra á öðrum. Lokurnar skuli falla það langt, að engin rifa myndist á milli

gólfs og efri brúnar á úrtaki, þegar pallurinn sé í efstu stöðu. Eftirlitsmaðurinn kveðst telja orsök slyssins vera vanbúnað. Lyftubúnaður þessi hafi aldrei verið skoðaður af Öryggiseftirlitinu og hafi aldrei verið viðurkenndur í lagi, eins og hann sé, þá er eftirlitsmaðurinn skoðaði búnaðinn, en skýrsla eftirlitsmannsins er dagsett þann 4. marz 1968, eða daginn eftir að umrætt slys átti sér stað.

Stefnandi styður dómkröfur sínar þeim rökum, að vítaverður frágangur hafi verið á hinum svonefnda hringpalli, þ. e. að myndazt hafi getað rífa sú, er slysi þessu olli, en hættueiginleiki þessarar rífu hafi öllum kunnugum mátt vera augljós, þar sem iðulega hafi verið fjöldi manns í kringum pall þennan og þá einkum á barna- og unglingaskemmtunum. Kveðst stefnandi telja, að stefndi, Hótel Saga, beri ábyrgðina á umræddu slysi þegar af þessari ástæðu, en auk þess verði að telja, að starfsmenn Hótel Sögu hafi sýnt mikinn skort á aðgæzlu með því að aðvara ekki samkomugesti, er pallurinn var látinn síga, og að fylgjast ekki nægilega með því, að enginn væri við pallinn þá. En stefnandi telur, að ekki sé sannað, að slík aðvörun hafi verið gefin, þrátt fyrir fullyrðingar starfsmanna stefnda í þá átt.

Stefndi styður hins vegar kröfur sínar um, að hann verði einungis dæmdur til greiðslu lítils hluta þeirrar fjárhæðar, sem um er stefnt, þeim rökum, að dóttir stefnanda hafi ekki sinnt aðvörunum og staðið uppi við sviðið, en hún hafi verið næstum því 12 ára gömul, er slysið varð, og því hafi hún átt að gera sér grein fyrir aðvörunum og fyrirmælum aðstoðarhótelstjórans og fara frá hringsviðinu. Megi sumpart rekja slysið til þessa, en auðvitað hefði það ekki orðið, ef stúlkan hefði hlýtt.

Eins og áður er fram tekið, hefur farið fram lögreglurannsókn út af umræddu slysi, enda er eigi ágreiningur um það, með hverjum hætti það hafi atvikast, heldur aðeins um fábótaábyrgðina.

Eins og fram kemur í framburðum starfsmanna stefnda svo og umsögn öryggiseftirlitsmanns ríkisins, sbr. og framlagðar ljósmyndir, hefur búnaði hringsviðs þess, sem slysið varð við, verið mjög ábótavant frá öryggissjónarmiði, bæði að því er varðar lyftubúnað og klæðningu þess. Einnig verður að telja, að starfsmenn stefnda hafi ekki sýnt þá varúð, sem þeim bar gagnvart nærstöddum, er hringsviðið var fellt, með því að standa ekki vörð um það á meðan, þar sem svo mörg börn voru saman komin. Munnleg aðvörun um fellingu sviðsins, sem starfsmenn stefnda

kveðast hafa gefið, verður eigi talin nægjanleg í slíku fjölmenni, sem á staðnum var, enda upplýst með framburði þriggja vitna, að hún hafi ekki borizt öllum nærstöddum.

Ber því að leggja á stefnda óskipta fébótaábyrgð á umræddu slysi, enda þykja eigi liggja rök til þess að leggja hluta sakar á hina slösuðu.

Tryggvi Þorsteinsson læknir, sem tók á móti hinni slösuðu, er komið var með hana á Slysavarðstofu Reykjavíkur samdægurs og hún slasaðist, lýsir meiðslum hennar svo, að stóra tá á vinstra fæti hafi augljóslega verið brotin og úr lagi færð. Önnur tá og þriðja hafi líka verið skakkar og með broteinkennum. Auk þess hafi verið um mikla skemmd á húð og undirhúð að ræða og allt útlit á, að nauðsynlegt mundi reynast að „amputera“.

Kristján Sigurðsson, læknir á Landspítalanum, skýrir þannig frá í vottorði, sem lagt hefur verið fram í málinu, að komið hafi verið með hina slösuðu á handlækningadeild Landspítalans hinn 3. marz 1968 og við skoðun hafi komið í ljós, að stóra tá og næsta tá við á vinstra fæti hafi kramizt svo til af og hangi aðeins við á beygisinum og taugaslitrum og standi beinendar út úr sárunum. Tekin hafi verið röntgenmynd af tám og rist vinstri fótar og hafi ekki sézt brot á ristarbeinum, en brot á stórutá og næstu við. Nokkru eftir komu stúlkunnar á handlækningadeild Landspítalans hafi verið gert að meiðslum hennar og hafi orðið að taka burt mestan hluta af stórutá og næstu tá við og hafi húðin verið saumuð yfir sárið. Hafi stúlkunni heilsazt vel eftir aðgerðina og útskrifazt heim 10. marz 1968. Þá segir og í sama vottorði Kristjáns læknis, sem dags. er 25. marz 1968, að sárin séu þá ekki alveg gróin og muni sennilega dragast nokkrar vikur til viðbótar, að stúlkan geti farið að ganga á fótinn með eðlilegum hætti.

Í vottorði Árna Björnssonar læknis, dags. 25. maí 1968, sem lagt hefur verið fram í málinu, segir svo m. a.: „Sár Önnu voru ekki að fullu gróin, er hún útskrifaðist af sjúkrahúsinu, og þurfti að gera húðflutning á stórutáarstúfinn, og var það gert ambulanz. Eftir það greri sárið og er nú, er vottorð þetta er út gefið, alveg gróið. Þá hefur sjúklingi verið leyft að ganga í fótinn. Hún þarf að nota sérstaklega útbúinn skó, til þess að hún geti gengið á eðlilegan hátt.

Niðurstaða:

Um er að ræða afleiðingar af slysi á 11 ára gamalli stúlku, sem lauk svo, að taka þurfti af henni stórutá og aðra tá vinstri

fótar, þannig að enginn stúfur er eftir af þeim. Gera þurfti tvær aðgerðir, hina fyrri á sjúkrahúsinu og hina síðari ambulantly, en sár sjúklings eru nú alveg gróin.

Hér er um að ræða varanleg lýti á ungri stúlku, en auk þess bæklun, sem minnkar nokkuð hæfni hennar til gangs og breytir og skerðir möguleika hennar til að velja sér lífsstarf. Ekki kemur til greina að gera neinar frekari aðgerðir á sjúklingi þessum, hins vegar þarf hún, og mun þurfa um alla framtíð, að hafa sérstaklega útbúinn skó á vinstra fæti“.

Og í síðara vottorði sama læknis varðandi hina slösuðu, Önnu Steinunni Jónsdóttur, dags. 3. nóvember 1970, segir m. a. svo: „Hún var lögð inn að nýju á handlækningadeild Landspítalans hinn 31. 5. 1970 vegna þess, að nýmyndun hafði orðið á beini við endann á stóru táar miðfótarbeini, og hafði hún við þetta fengið aukin óþægindi í örið. Þessi nýmyndun var tekin í burtu og örið lagað að nýju, og var gangur eftir þessa aðgerð eðlilegur. Sjúklingur lá á sjúkrahúsinu til 10. 6. 1970. Aðgerð þessi breytir ekki á neinn hátt ástandi fótarins. Stúlkan kvartar um þreytu og verk í fætinum við alla áreynslu, og hún á í allmiklum erfiðleikum með að fá á sig viðeigandi skófatnað. Þreytan kemur aðallega fram að kvöldi dags og er stundum svo slæm, að hún hefur allverulega verki í stúfnum. Við skoðun sést, að sárið á tanni er vel gróið. Örið lítið áberandi, en hér er um að ræða mjög mikil lýti á fæti ungrar stúlku, sem auk þess skerðir möguleika hennar til að velja sér lífsstarf og hæfni hennar til gangs.

Frekari aðgerðir koma ekki til með að breyta endanlegu ástandi á neinn hátt“.

Páll Sigurðsson læknir hefur metið örorku hinnar slösuðu vegna umrædds slyss, og segir í örorkumati hans, dags. 7. september 1968, m. a. svo:

„Slasaða kom til viðtals hjá undirrituðum 4. 9. 1968. Móðir hennar er í fylgd með henni. Þær skýra frá slysinu, eins og fram kemur hér að framan. Móðir hennar skýrði frá því, að hún hafi misst af skóla, en hafi getað lokið prófum og flutzt í 12 ára bekk, eins og til stóð.

Núverandi óþægindi: Kvartar um verki í tástúfum og kul-sækni, kvartar um, að hún geti ekki gengið upp á fótinn eins og áður. Getur ekki tekið þátt í ballett, en hún hefur stundað balett-nám undanfarin ár.

Skoðun: Almenn ástand eðlilegt. Göngulag þannig, að hún

gengur áberandi á vinstri jarka án þess að geta spyrnt við ganginn, en öklinn sigur í valgus. Vinstri fótur: Það er aflimun á stórutá og annari tá. Það er vel gróið fyrir stúfana, en húðin er nokkuð bláleit á amputationssvæðinu.

Ályktun: Hér er um að ræða 12 ára gamla telpu, sem slasaðist á skemmtistað fyrir hálfu ári og missti stórutá og aðra tá vinstri fótar. Vegna þessa slyss hefur stúlkan óþægindi, sem stafa beint af aflimuninni, kulsækni og verki í stúfnum, breytingu á göngulagi og erfiðleika við að fá skó, þegar þessa táfyllingu vantar. Af þeim sökum hefur stúlkan hlotið varanlega örorku, sem telst hæfilega metin 7%.

Kröfur stefnanda eru sundurliðaðar í greinargerð og við munnlegan málflutning sem hér segir:

I.

Atvinnutap og útlagður kostnaður stefnanda.

A. Vinnutap í 6½ mánuð	kr. 74.594.00
B. Bílkostnaður samkvæmt 47 nótum	— 3.904.00
C. Kostnaður við skókaup á dóttur eftir slys	— 4.333.50
D. Kostnaður við læknisvottorð	— 2.580.00
E. Kostnaður við örorkumat	— 2.000.00
F. Greitt Þóri Bergssyni	— 7.000.00
G. Greitt sakadómi	— 1.215.00

Samtals kr. 95.626.50

II.

Stefnandi gerir svofelldar kröfur f. h. dóttur sinnar:

A. Í örorkubætur samkvæmt útreikningi Þóris Bergssonar	kr. 149.054.00
B. Bætur fyrir þjáningar og óþægindi	— 100.000.00
C. Bætur fyrir röskun á stöðu og högum og ævarandi lýti	— 600.000.00

Samtals kr. 849.054.00

Frá þessu dragist kr. 55.000.00, sem réttargæzlustefndi hafi þegar greitt til stefnanda, eftir að slysið varð.

Um I. A. Vinnutap.

Stefnandi kveðst hafa orðið að hætta í föstu starfi um miðjan

marz 1968 til þess að sinna og hjúkra dóttur sinni eftir slysið. Kveðst hún hefði getað farið að vinna aftur úti í júlí 1968, en þá hafi hún enga vinnu getað fengið, enda hafi þá verið mikið atvinnuleysi. Fyrst í október 1968 kveðst hún hafa hafið störf á ný. Kveðst hún telja sér bera bætur fyrir allan tímann, sem hún varð að vera heima hjá dóttur sinni vegna slyssins, og einnig sé tekjumissir hennar í ágúst og september 1968 það bein afleiðing af slysi þessu, að stefnda beri að bæta það.

Af hálfu stefnda er því ekki mótmælt, að stefnandi hafi orðið fyrir einhverju atvinnutjóni vegna slyss dóttur hennar, en því hins vegar mótmælt, að það sé svo mikið sem stefnandi vilji vera láta, bæði að lengd og fjárhæð.

Frammi liggur í málinu yfirlýsing verzlunarstjóra verzlunarinnar Fókus, Lækjargötu 6 B hér í borg, þar sem segir, að stefnandi, Marý Valdis Jónsdóttir, Austurbrún 6, hafi verið fastráðin í starfi hjá nefndri verzlun „á s.l. vetri“ (en yfirlýsingin er dags. 1. nóvember 1968), en orðið að hætta störfum 15. marz 1968 til þess að vera heimavið yfir dóttur sinni, sem þá nýskeð hafi orðið fyrir slysi. Enn fremur er upplýst í sömu yfirlýsingu, að kaup stefnanda hafi verið kr. 11.476.00 á mánuði. Krafa stefnanda samkvæmt þessum lið er grundvölluð á þessu mánaðarkaupi, þ. e. 11.476.00 krónum á mánuði í 6½ mánuð.

Stefndi hefur ekki rökstutt mótmæli sín gegn þessum kröfulið, en tekjumissir stefnanda í umræddan 6½ mánuð er bein afleiðing af slysi því, er dóttir hennar varð fyrir samkvæmt því, sem áður hefur verið rakið. Ber því að taka þennan kröfulið að fullu til greina.

Um I. B. og C.

Bílkostnaður og skókaup. Þessum liðum hefur ekki verið mótmælt tölulega og verða því teknir til greina óbreyttir.

Um I. D. E. F. og G. Kostnaður við læknisvottorð og fleira.

Kröfuliðum þessum hefur ekki verið mótmælt tölulega að öðru leyti en því, að reikningi Þóris Bergssonar á dskj. nr. 24 vegna endurútreikninga örorkutjóns, kr. 1.000.00, og reikningi á sama dskj. nr. 25 vegna greinargerðar um miskabætur, einnig að fjárhæð kr. 1.000.00, hefur verið mótmælt.

Endurútreikningur á örorkutjóni verður talinn hafa verið nauðsynlegur, eins og á stóð og nánar er rökstutt í endurútreikningnum sjálfum, og ber því að taka til greina kröfu um endurgreiðslu á þeim kostnaði, sem hann hafði í för með sér. Hins vegar þykir eigi hafa borið nauðsyn til að fá greinargerð tryggingafræðings

um miska, og verður því kostnaður af þeim sökum, kr. 1.000.00, ekki tekinn til greina.

Samkvæmt þessu verða framangreindir kröfuliðir, D., E., F. og G., teknir til greina að frádregnum kr. 1.000.00, en auk þess þykir rétt að taka afstöðu til reiknings Árna Björnssonar læknis, dags. 3. nóvember 1970, kr. 610.00, og reiknings Þóris Bergssonar, dags. 19. nóvember 1970, kr. 2.000.00, við ákvörðun málskostnaðar.

II. Kröfur stefnanda f. h. dóttur sinnar.

Um A. Örorkubætur, kr. 149.054.00.

Dóttir stefnanda var 11 ára, þegar hún varð fyrir umræddu slysi. Stefnandi hefur fengið sérfróðan mann um tryggingamál til að reikna út tjón það, sem slasaða hefur beðið vegna slyssins, og leggur hún útreikning tryggingafræðingsins til grundvallar bótafjárhæð samkvæmt þessum lið, en útreikningur tryggingafræðingsins er m. a. grundvallaður á framanskráðu örorkumati. Vegna launahækkana og verðbreytinga liggja frammi í málinu þrír örorkutjónsútreikningar, þ. e. frumútreikningur og tveir endurútreikningar. Er sá fyrsti, dags. 26. september 1968, að fjárhæð kr. 105.127.00, annar, dags. 16. nóvember 1968, að fjárhæð kr. 110.697.00, og sá þriðji, dags. 19. nóvember 1970, að fjárhæð kr. 149.054.00.

Í forsendum útreikninga sinna segir tryggingafræðingurinn svo:

„Við útreikning verðmætis vinnutekjutaps hef ég áætlað vinnutekjutapið þannig: Á 14. og 15. aldursári geri ég ráð fyrir þriggja og háls mánaðar vinnu á unglingataxta Verzlunarmannafélags Reykjavíkur. Frá 1. júní 1971, þegar Anna hefur lokið skyldunámi, nota ég taxta V. R. fyrir afgreiðslustúlkur, eingöngu dagvinnu. Þannig áætlaðar vinnutekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar sést einnig áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að það sé á hverjum tíma sami hundraðshluti af áætluðum vinnutekjum og örorkan er metin, það er 7%“.

Stefndi hefur ekki vefengt örorkumat Páls Sigurðssonar læknis, en mótmælt reikningsgrundvelli Þóris Bergssonar tryggingafræðings sem röngum og of háum. Kveður stefndi, að við ákvörðun bóta samkvæmt þessum lið beri að meta það hagræði, sem hljótist af eingreiðslu, svo og skattfrelsi og enn fremur beri að meta til lækkunar bætur, sem greiddar kunni að verða af Tryggingastofnun ríkisins. Að öðru leyti hefur stefndi ekki rökstutt mótmæli sín gegn þessum kröfulið.

Þegar allt það er virt, sem að framan hefur verið rakið, og

þess m. a. gætt, að tryggingafræðingurinn hefur í tjónútreikningi sínum ekki reiknað frádrátt vegna opinberra gjalda, þykir hæfilegt að meta tjón samkvæmt þessum lið kr. 120.000.00.

Um lið II. B. og C. Bætur fyrir þjáningar og óþægindi og röskun á stöðu og högum og lýti.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfuliðum sem allt of háum. Sjúkrasaga hinnar slösuðu hefur verið rakin að nokkru í vottorði Kristjáns Sigurðssonar læknis, Árna Björnssonar læknis svo og örorkumati Páls Sigurðssonar læknis hér að framan.

Samkvæmt henni og öðru því, sem hér þykir skipta máli, þykir hæfilegt að meta stefnanda bætur samkvæmt þessum lið kr. 250.000.00.

Samkvæmt þessu telst tjón stefnanda, það er hér skiptir máli, nema samtals kr. 462.016.50 (kr. 92.016.50 + 120.000.00 + 250.000.00). Frá þessari upphæð ber að draga kr. 55.000.00, sem stefnandi hefur fengið greiddar frá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f upp í tjón sitt. Ber því stefnda að greiða stefnanda samtals kr. 407.016.50 ásamt 7% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 3. marz 1968 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 59.000.00. Þar af hljóti skipaður talsmaður stefnanda, Sveinn Haukur Valdimarsson hæstaréttarlögmaður, kr. 56.000.00.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Hótel Saga, greiði stefnanda, Marý Valdísi Jónsdóttur vegna sjálfrar sín og f. h. ófjárráða dóttur sinnar, Önnu Steinunnar Jónsdóttur, kr. 407.016.50 ásamt 7% ársvöxtum frá 3. marz 1968 til greiðsludags og kr. 59.000.00 í málskostnað. Þar af hljóti skipaður talsmaður stefnanda, Sveinn Haukur Valdimarsson hæstaréttarlögmaður, kr. 56.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 dag frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.